



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði**  
**19. nóvember 2021 kl. 16:30.**

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

**1. Umsagnir um skipulags- og matslýsing íbúðarkjarna í landi Hjarðarbóls.**

Fundarmenn fóru yfir umsagnir og athugasemdir, sem bárust frá umsagnaraðilum um skipulagslýsinguna. Nefndarmenn sjá ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þær en mælir með því fyrir sitt leyti að brugðist verði við þeim eftir því sem efni og aðstæður leyfa en sér ekki fyrir sér að verkefnið kalli á umhverfismat.

**2. Umsagnir frá Minjaverði Austurlands.**

Farið yfir umsagnir frá Minjaverði Austurlands. Nefndarmenn sjá ekki ástæðu til athugasemda umfram áðurgerðar bókanir. Sérstakri athygli beint að umsögninni um framkvæmdir í Brekkugerði, en skv. nýjustu upplýsingum og fornleifaskoðun er ekki talið tilefni til frekari aðgerða þar.

**3. Gistihús á lóð Óbyggðasetursins á Egilsstöðum.**

Lagðir uppdrættir og sótt um byggingarleyfi fyrir gistihúsbyggingu á lóð Óbyggðasetursins á Egilsstöðum. Í gistihúsinu eru 14 herbergi á tveimur hæðum. Húsið er steinsteypt með forsteyptum útveggjaeiningum sem eru einangraðar að utanverðu og ytri klæðning veggja er bárujárn. Þakið er hefðbundið sperrupak með bárujárn. Helstu stærðir: Brúttó flatarmál hvorrar hæðar er 210,5 m<sup>2</sup>, flatarmál beggja 421,0 m<sup>2</sup>. Brúttó rúmmál 1251,2 m<sup>3</sup>. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir byggingunni.

**4. Víðivellir ytri II. Erindi frá Skógarafurðum.**

Lögð fram gögn um 300 m<sup>2</sup> tjaldskemmu og sótt um stöðuleyfi fyrir hana og einnig fyrir fjóra gáma. Einnig kynnt síðari tíma áform um byggingu á 1100 m<sup>2</sup> skemmu sem mun leysa tjaldskemmuna af hólmi. Tjaldskemmur eru almennt ekki háðar byggingarleyfi. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita stöðuleyfi fyrir tjaldskemmunnni og gámunum. Nefndin beinir því til forráðamanna Skógarafurða að láta deiliskipuleggja athafnasvæði fyrirtækisins.

**5. Brekkugerði. Afleggjari frá Þjóðvegi að Brekkubæ og Borgarhól.**

Kynnt svar við erindi frá Vegagrðinni um afleggjara frá Þjóðvegi 931 að Brekkubæ og Borgarhól. Gerð er grein fyrir aðkomunni skv. Aðalskipulagi 2014-2030 og samþykktri afstöðumynd.

**6. Kynning á vettvangsferð frá 17. nóvember.**

Sagt frá verkum og framkvæmdum og sýndar ljósmyndir frá þeim. Framkvæmdir eru nú með mesta móti miðað við undanfarin ár.

**7. Þjónustubygging við Hengifossá.**

Lagðir fram uppdrættir og sótt um byggingarleyfi fyrir byggingu þjónustuhúss við Hengifossá, sem er ein hæð steinsteypt með forsteyptum sökklum og veggjum. Helstu stærðir: Brúttó flatarmál 165,4 m<sup>2</sup>. Brúttó rúmmál 463,3 m<sup>3</sup>. Lagfæra þarf uppdrætti áður en þeir verða samþykktir og settir í skráningu. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir byggingunni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 18:00

Sign. Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir,

Jón Þór Þorvarðarson. Fundarritari: Sveinn Þórarinsson.